

HAF OG SKEGG

Flæði í Laxdælu

Straumurinn vex og örlagaþunginn.

Einar Ólafur Sveinsson.¹

I

Í formála sínum að *Laxdælu* í útgáfu Íslenskra fornrita ræðir Einar Ólafur Sveinsson um „tvenns konar menningu, tvo heima“ sögunnar (VI). Til þess að greina þá notar hann hugtakið smekkur. Annars vegar segir hann að í sögunni drottni „karlmannlegur hugsunarháttur, karlmannlegur smekkur sem lætur sér annt um staðreyndirnar sjálfar [...] en hirðir hins vegar því aðeins um skemmtun og skraut, að það hafi við eitthvað að styðjast“ (VI). Þessi menning er innlend, norræn, raunsæ og forn, „himinn [...] heiður og loft tært, allar línur eru skýrar og skarpar, hvergi þoka né móða“ (V). Hin menningin er óskýr, einkennist af „bláma og móðu“ (VI), og í henni birtist „kvenlegri smekkur [...], smekkur sem krefst skrauts og ævintýra og skemmtunar“ (VI). Andstætt karlmannlega smekknunum er þessi smekkur erlendur, suðrænn, rómantískur og nýr, og með honum hefst hnignun hinnar fornu sagnaritunar.

Þessi öfl sem Einar Ólafur sér togast á í sögunni tengir hann kynferði. Honum tekst þó ekki að skilgreina þau sem skyldi, enda fyrirbærið smekkur óhæft greiningarhugtak. Annað sem byrgir honum sýn er karllegt sjónarhorn hans, en það kemur meðal annars fram í því hversu mjög hann samsamar sig þrá og sjálfsmýnd karlpersóna í sögunni,

¹ *Laxdæla saga. Íslensk fornrit* V, bls. VIII. Hér eftir verður vitnað til þessarar útgáfu sögunnar og formála hennar í sviga fyrir aftan hverja tilvitnun í meginmáli. Stafsetning er færð til nútímahorfs, einnig orðmyndir á stöku stað.

jafnt í kvennamálum þeirra sem valdabaráttu. Frásögnina af ambáttinni og frillunni Melkorku telur hann t.a.m. til rómantíkur (XXII), og fylgir þar sjónarhorni Höskulds sem girnist þessa konu og kaupir í krafti valds síns og fjár. Þrátt fyrir þann kvenlega smekk sem Einar Ólafur sér hvarvetna gægjast fram í sögunni tekur hann það skýrt fram að mun meir beri þar á hinum karlmannlega, innlenda og forna: „rætur hennar standa djúpt í íslenzkum jarðvegi“ (VII).

Það er rétt athugað hjá Einari Ólafi að í sögunni togast á öfl sem tengjast kynferði, og það má einnig til sanns vegar færa að „harka efnisins mildast í sögunni“ (IX), þótt með öðru móti sé en hann lýsir. Í þessu sambandi ræðir hann gjarnan um „straum“ (VIII, IX) sögunnar. Hún „líður fram lygnum, en breiðum straumi“ (XVIII). En þessi hugtök, harka og straumur, má með nokkrum uppásnúningi nota um þau öfl sem sagan verður til úr.

Straumurinn, vatnið, er kvenlegt frumefni og tákn. Um það má vísa til fjölmargra og viðurkenndra kenninga í mannfræði, sálgreiningu og heimspeki.² Einkenni vatns er flæði þess og markaleysi. Flæðið er andstæða hörkunnar, hins karllega kerfis fastra lögmála og reglna. Það er rásandi, leitandi, á sífelldri hreyfingu, og þannig vinnur það smám saman á hörðu efninu, leysir það upp eða skolar burt.

II

Í íslenskum fornbókmenntum er vatn hættulegt körlum. Það getur t.a.m. drekkt þeim, og því reyna þeir að sigrast á því. Allar skipasmíðarnar, skipagjafirnar og skipasiglingarnar í þessum bókmenntum má sjá sem táknmyndir þeirrar baráttu að sigrast á þessu frumefni. Víkingar fara yfir sjó, gera strandhögg í öðrum löndum, drepa karla og nauðga konum. Oft eru miklar lýsingar á hamförum hafsins í þessum ferðum, einkum í fantasíu fornaldarsagnanna, en þar kemur kvenleiki vatnsins víða upp á yfirborðið í líki konu eða kvendýrs. Nefna má margýgina í *Ólafs sögu helga* í Flateyjarbók sem rís úr hafi og reynir að velta skipi

2 Sbr. t.a.m. Gaston Bachelard, *L'Eau et les rêves* (1942), Klaus Theweleit, *Männerphantasien* (1977-1978) og Luce Irigaray, *Amante marine* (1991).

konungsins með allri áhöfn,³ einnig tröllkonurnar í *Friðþjófs sögu* sem gera æðiveður að hetjunum og skekja smíðuð skip þeirra en sitja sjálfar öruggar uppi á baki á hval í öllu hafrótinu.⁴

„Reyndu Ránardætur drengina og buðu þeim sín faðmlög,“⁵ segir í lýsingu *Fóstbræðra sögu* á sjávarháská þeirra fóstbræðra. Hér er hafið ekki einungis kvengert, heldur eru dætur þess, öldurnar, persónugerðar sem kynferðislega áleitnar konur. Þær eru kynverur, hættulegar körlum. Hafið er einnig persónugert sem kona í Sonatorreki Egils. „Mjög hefur Rán / ryskt um mig,“⁶ segir hann þegar sonur hans hefur druknað, og harmar hann það mest að geta ekki hefnt. En það getur hann ekki vegna þess að hafið er kona, og gegn konum má ekki fara með vopnum.

Í einni af goðsögnum Skáldskaparmála í Snorra-Eddu á vatnið sér beinlínis uppsprettu í líkama konu. Þar segir að Þór hafi komið til ár þeirrar er Vimur heitir, „allra áa mest“.⁷ Spenntur megingjörðum og með stafinn Gríðarvöl, sem hann hefur hvort tveggja fengið að láni hjá tröllskessu, leggur hann í ána, en þegar hann er kominn út í hana miðja tekur hún að vaxa svo að hún brýtur á öxl honum. Þá sér hann uppi í gljúfrum hvar tröllskessan Gjálp stendur tveim megin árinna „og gerði hún árvöxtinn“ (145). Þór er ekki seinn á sér að stöðva flæðið. Hann tekur úr ánni mikinn stein og kastar að skessunni „og mælti svo: ‘að ósi skal á stemma.’ Eigi missti hann, þar er hann kastaði til.“ (145)

Frásögnin er ákaflega grótesk og varpar tvíræðum hetjuljóma á Þór sem á þarna í höggi við hland og veður það í öxl. Flæðið og gróteskan mætast hér í einum punkti, hinni ofvöxnu konu, og afbyggja um leið hetjumynd karlsins.

3 *Saga Ólafs konungs Haraldssonar. Flateyjarbók* II, bls. 96–97.

4 *Friðþjófs saga ins frækna. Fornaldar sögur Norðurlanda* III, bls. 83–88. Um frekari umfjöllun, sjá rit Helgu Kress, *Máttugar meyjar*, bls. 127–130 og 167–169.

5 *Fóstbræðra saga. Íslensk fornrit* VI, bls. 135.

6 *Egils saga Skallagrímssonar. Íslensk fornrit* II, bls. 248.

7 *Edda Snorra Sturlusonar*, bls. 145.

III

Gróteska er líkamsmyndmál, m.a. skilgreint af Mikhail Bakhtin í bók hans um Rabelais.⁸ Merking þess felst í aftignun alls valds og þess sem háleitt er talið með því að draga það niður á jarðneskt, líkamlegt plan þar sem enginn er öðrum meiri. Það beinist að starfsemi líkamans, því sem í hann fer og úr honum kemur, stellingum líkamans og einstökum hlutum hans, einkum neðri hlutum, og því sem út úr honum skagar og vex, svo sem nefjum, rössum, tám og hári, eða er á einhvern hátt afbrigðilegt. Barsmíðar, limlestingar og aflimanir einkenna grótesku, en einnig ofvöxtur og ýkjur, og oft er mönnum líkt við dýr. Í gróteskunni verður hátt lagt, upp verður niður, fallið er áberandi og kollsteypan.⁹

Gróteskt myndmál einkennir Íslendingasögur, og í *Laxdælu* myndar það jafnt andstæðu sem hliðstæðu við allar þær vatnamyndir (böðun, hreinsun, sund og öldugang) sem í sögunni eru. Saman afbyggir þetta valdið og þá karlmennskuímynd sem byggir það upp.

Hámark gróteskunnar í *Laxdælu* er þegar Kjartan „dreitir inni“ fólkið á Laugum og gerir vistarverur þess að kamri, enda „þótti þetta miklu meiri svívirðing og verri en þótt Kjartan hefði drepið mann eða tvo fyrir þeim“ (145).¹⁰ Svipaða tegund grótesku má sjá í „Þorsteins þætti skelks“, þar sem hetjudáðin felst í því að komast á kamar og af honum aftur. Kamarinn, kallaður heimilishús, er við hirð Ólafs konungs Tryggvasonar og svo stór „að ellefu menn máttu sitja hvoru megin“.¹¹ Hirðin getur sem sagt setið þarna öll. En vegna þess að Íslendingar eru „mjög einræni“ (2293) stelst Þorsteinn einn um nótt til heimilishúss þrátt fyrir bann konungs sem vill að þeir fari fleiri saman. Sestur á ystu setu hittir hann fyrir púka sem kemur upp um eitt opið, hoppar um á setunum og lætur öllum illum látum. Fyrir guðs miskunn og konungsins kemst Þorsteinn undan

8 Mikhail Bakhtin, *Rabelais and His World*.

9 Um frekari umræðu grótesku og hvernig hún birtist í Íslendingasögum, sjá t.a.m. grein Helgu Kress, „Bróklindi Falgeirs. Fóstbræðra saga og hláturmenning miðalda.“

10 Einar Ólafur Sveinsson bendir á það í formála að þessi frásögn stingi „alveg í stúf við hetjusögur og hetjuanda“, og jafnframt að í henni sé „öll kurteisi fyrir borð borin“ (XLVII). Hún geti því ekki heldur verið rómantísk. Þar sem hann sér ekki nema þessa tvo möguleika í orðræðu fornsagnanna verður frásögnin honum óskiljanleg.

11 „Þorsteins þáttur skelks.“ *Íslendinga sögur og þættir* III, bls. 2291.

og fær að launum sverð og hið íróníska viðurnefni skelkur. Hann hefur staðist manndómsraunina og er tekinn í þjónustu konungs.

IV

Vatn flæðir um texta *Laxdælu* frá upphafi til enda og kallast á við önnur kvenleg einkenni á þeirri sögu.¹² Ættmóðirin, Unnur djúpúðga, hin djúpa alda, kemur af hafi á skipi sem hún hefur sjálf látið smíða í leyni inni í skógi. Hún brýtur það, eins og öldur brotna, á sandi við strendur Íslands, og kann það því að hún missir hvorki menn né fé. Öndvegissúlurnar sem straumar reka á land vísa henni, sem mörgum öðrum landnámsmönnum, á bústað. Hún er grafin í skipi, og í *Landnámu*, sem hefur aðra gerð sögunnar, „í flæðarmáli“.¹³

Mikið vatn umleikur aðalpersónu sögunnar, Guðrúnu Ósvífursdóttir, sem á heima á Laugum, en „Laugabær stendur fyrir sunnan Sælingsdalsá“ (85). Í næsta nágrenni Lauga er Sælingsdalslaug, og þar kemur Guðrún fyrst fram á svið sögunnar: „Guðrún kom til laugar“ (88). Við laugina segir hún Gesti Oddleifssyni fjóra drauma sína. Í fyrsta draumnum er hún með krókfald á höfði sem hún kastar út í læk, í öðrum er hún með silfurhring sem rennur af hendi hennar út á vatn, í þeim þriðja fellur hún og brýtur gullhring við stein svo að dreyrir úr, og í þeim fjórða er hún með þungan hjálm settan gulli og gimsteinum sem steypist af höfði hennar niður í Hvammsfjörð. Í öllum draumunum er vatn eða flæði, og í þeim öllum er fall. Hátt verður lágt og hið harða efni ýmist brýst út í flæði eða fellur í það. Í draumunum eru ráðin örlög karla og þeim valda í sameiningu konan og flæðið.

Staður Guðrúnar er við laug, læk eða vatn. Og þangað dregur hún að sér karla. „Kjartan fór oft til Sælingsdalslaugar; jafnan bar svo til, að Guðrún var að laugu.“ (112) Föður hans (feðraveldinu) líkar ekki þessar laugarferðir og varar Kjartan við: „‘Eigi veit eg,’ segir hann, ‘hví mér er jafnan svo hugstætt, er þú ferð til Lauga og talar við Guðrúnu.’“ (112) Við laugina fer fram síðasta samtal og uppgjör þeirra Guðrúnar og

12 Um kvenleg einkenni sögunnar, sjá grein Helgu Kress, „‘Mjök mun þér samstaft þykkja.’ Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdælasögu.“ Einnig *Máttugar meyjar*, bls. 136-147.

13 *Landnámabók. Fyrri hluti. Íslensk fornrit* I, bls. 146-147.

Kjartans áður en hann fer utan, og þar skilja þau. Sverðið Konungsnaut felur Guðrún og ónýtir í keldu. Má í þeirri mynd sjá andstæðu vopns og vatns, þar sem vatnið vinnur á vopninu. Guðrún er að þvo í læk þegar Bolli er drepinn. „Hún gekk ofan fyrir brekkuna til lækjar þess, er þar féll, og tók að þvo léreft sín.“ (166) Guðrún gengur niður í móti til kvenlegra starfa, frá bardaga karlanna. Flæði lækjarins tilheyrir hinu lárétta, því sem fellur, streymir og þvær. Flæðið tengist hér einnig móðerninu, því að undir klæðum Guðrúnar, í líkama hennar, leynist óborinn sonur. Svipaða mynd af tengslum flæðis og móðernis má sjá í frásögninni af Melkorku sem læst vera mállaus en talar á laun við barnungan son sinn þar sem „lækur féll fyrir túbrekkunni“ (27). Þegar Guðrún mælir sér mót við Snorra goða til að ræða hefndir eftir Bolla er það við Haukadalsá, hamarinn Höfða í Lækjarskógslandi, en „í þeim stað hafði Guðrún á kveðið, að þau Snorri skyldu finnast“ (176).

Hún hefur einnig á vissan hátt mælt sér mót við Gest Oddleifsson dauðan sem vill láta grafa sig við kirkju hennar á Helgafelli. Á þessu eru þó í fyrstu þau vandkvæði að fjörðurinn er ófær vegna ísa og kemst sonur hans ekki með líkið. „Veturinn hafði verið kuldasamur, og voru íslög mikil, og hafði langt lagt út Breiðafjörð, svo að eigi mátti á skipum komast af Barðaströnd.“ (196) Sagt er að lík Gests hafi staðið uppi tvær nætur í Haga, „en þá sömu nótt gerði á veður svo hvasst, að ísinn rak allan frá landi; en um daginn eftir var veður gott og lygnt, Þórður tók skip og lagði á lík Gests, og fara þeir suður um daginn yfir Breiðafjörð og koma um kveldið til Helgafells.“ (196) Um morguninn er „niður sett lík Gests“ (196), en „hina næstu nótt eftir gerði á æðiveður; rak þá ísinn allan að landi; hélt því lengi um veturinn, að ekki mátti þar á skipum fara. Þóttu að þessu mikil merki, að svo gaf til að fara með lík Gests, að hvorki var fært áður né síðan.“ (197) Flæðið leysir þarna upp hörkuna og gengur í lið með Gest, enda er honum lýst kvenlegum í sögunni. Hann spáir, ræður drauma, grætur og er ekki bardagamaður.

Í *Laxdælu* er mikið um skipaferðir og skipakomur, einnig nákvæmar lýsingar á siglingaleiðum. Mikið gerist við skip og því fylgir oft hvasst og

vott veður. Má hér t.a.m. nefna senuna þegar Hrefna stelst til að falda sér motrinum sem Guðrúnu var ætlaður. „Um daginn gerði á hvasst veður, og hlupu þeir Kjartan þá út að festa skip sitt.“ (133) Þeim tekst að hemja skipið en ekki konurnar sem gramsa á meðan í varningi þeirra og fara út fyrir leyfileg mörk með afdrifaríkum afleiðingum.

Mikið er gert úr siglingu Ólafs þá til Írlands, en hún er um leið hans manndómsvígsla. Þeir fá lítinn byr, hafa „þokur miklar, en vinda litla og óhagstæða, þá sem voru“ (53). Þá rekur „víða um hafið“ og „voru þeir flestir innan borðs, að á kom hafvilla“ (53). Þegar þokunni léttir um síðir og kemur á byr, þótt lítill sé, vita þeir ekkert hvar þeir eru staddir og stranda að lokum á grynningum, „fjaraðir uppi svo sem hornsíl“ (54). Leira, sem er hvorki land né haf, bjargar skipi þeirra frá eyðileggingu og að lokum tekst þeim að kasta akkeri í djúpum polli sem Ólafur finnur í ósi. Hann hefur sigrað flæðið og er í framhaldi af því er honum boðinn konungdómur.

V

Flestar sjávarsenur *Laxdælu* gerast á Breiðafirði sem er breiður fjörður með miklu vatni. Straumurinn er breiður, en hann er hvorki mildur né lygn. Oftast tengist flæði fjarðarins dauða karla á einn eða annan hátt. Þannig er mikið um drukknar og drekkingar. Hallbirni Kotkelssyni seiðskratta er drekkt (107), aska Hrapps borin á sjó (69), synir Þórhöllu málgu höggur fyrir borð (156).

Í sögunni er mikill sjávarháski sem karlarnir á skipunum ráða ekki við, og ferst fólk unnvörpum í orðsins fyllstu merkingu. Athyglisvert er að þessar senur tengjast mjög búferlaflutningi, mikilli hleðslu og háum farmi.

Þorsteinn surtur ferst við tólfta mann þegar hann er að flytjast búferlum með fjölskyldu sína yfir Breiðafjörð. Skipið er mjög hlaðið „og varð hár farmurinn“ (41). Mikil og nákvæm lýsing er á siglingunni, vatni, veðri og vindum. „Þorsteinn tók útsynning hvassan; sigla þeir inn að straumum í þann straum, er hét Kolkistustraumur; sá er í mesta lagi þeirra strauma, er á Breiðafirði eru.“ (40) Þeim tekst siglingin ógreitt, það er „útfall sjávar, en byrinn ekki vinveittur, því að skúra-

veður var á, og var hvasst veðrið, þá er rauf, en vindlítið þess á milli“ (41). Gengur skipið lítið því að „straumurinn gerðist óður að móti“ (41). Mikil áhersla er lögð á baráttu manns og hafs, en tengdasonur Þorsteins stýrir „og hafði aktaumana um herðar sér“ (41). Líkami karlsins og stjórnun eru þarna eitt. Allt kemur fyrir ekki, þeir sigla upp á sker og stranda þar. Lýst er hvernig bæði fjarar undan og flæðir að skipinu þar til „rekur á hvassviðri mikið, og hvelfir skipinu, og drukkna nú menn allir, þeir er þar voru á skipinu, nema einn maður; hann rak á land með viðum“ (41). Þessu fylgir síðan grótesk lýsing á röð drukkunar og þessi hrikalega sena snýst upp í spurningu um fé og erfðir.

Áhrifamikil og nákvæm er einnig lýsing á ferð Geirmundar gnýs sem ætlar að stinga af frá eiginkonu og barni. Hann siglir af stað úr Laxárósi „léttan landnyrðing“ (81), en veðrið fellur þegar þeir koma út að eyjum. Liggur hann þar í hálfan mánuð og fær ekki byr. Þuríður kona hans lætur setja fram ferju sem hún stígur á með eins árs gamla dóttur sína og biður húskarla að bæði „sigla og róa út eftir Hvammsfirði“ (81). Af ferjunni fer hún á bát sem á henni er og lætur róa sér og barninu „yfir strauminn“ (82) að skipinu. Þuríður stjórnar ferðinni og gefur mönnum sínum fyrirskipanir, m.a. að bora gat á skipsbátinn svo að hann verði ófær, og hefur tekið með sér nafar í þessu skyni. Hún fer með barnið um borð í skipið, lætur það í húðfatið hjá sofandi föðurnum og tekur sverð hans í staðinn. Síðan lætur hún róa sér burt frá skipinu. Faðirinn vaknar við barnsgrát og verður það fyrst fyrir að grípa til sverðsins sem er horfið. Hann sér hvar þau Þuríður róa frá borði og skipar mönnum sínum að elta. „Þeir gera svo, og er þeir eru skammt komnir, þá finna þeir, að sjór kolblár fellur að þeim.“ (82) Þeir snúa við og Þuríður kemst undan með sverðið. Eftir þetta fá þeir Geirmundur byr og sigla í haf, en aðeins til að „sigla á einni nótt í boða fyrir Staði“ og „týnist þar Geirmundur og öll skipshöfn hans“ (83). Í þessari frásögn er teflt saman valdi hafsins og kvenleikans (móðernisins) annars vegar og karlsins með sverðið hins vegar. Með því að taka sverðið geldir Þuríður mann sinn og kvengerir um leið, gerir hann að móður með barn í fangi. Við þetta missir hann vald sitt og týnist í bylgjunum.

Það er ekki hættulaust að ráðast undir áraburð karla í *Laxdælu*, en það gerir móðir Þórðar Ingunnarsonar þegar hún biður hann að flytja sig yfir Breiðafjörð til Lauga þar sem henni er ekki lengur vært á Skálmarnesi fyrir fjölkynngi. „Hún kvaðst vilja ráðast undir áraburð Þórðar.“ (98) Áraburðurinn er ekki beysnari en svo að þau drukkna bæði. Í þessari frásögn sem öðrum svipuðum eru yfirnáttúruleg öfl að verki, seiður sem gerir til þeirra veður svo að „laust á hrið mikilli“ (99).¹⁴ Þórður er við stjórnvölinn og „keyrir skipið vestur fyrir Skálmarnes“ (99) og sýnir mikinn hraustleik. Hár farmur hefur verið á skipinu, eins og áður á skipi Þorsteins surts, því að menn sem fylgjast með á landi sjá að Þórður kastar fyrir borð „því öllu, er til þunga var, utan mönnum“ (100). Hann er um það bil að ná landi þegar „reis boði skammt frá landi, sá er enginn maður mundi, að fyrr hefði uppi verið, og laust skipið svo, að þegar horfði upp kjölurinn“ (100). Skipið kollsteypist, upp verður niður, niður verður upp, kjölfestan bregst. Þórður drukkna „og allt föruneysi hans, en skipið braut í spón“ (100). Kjöllinn rekur og skjöld Þórðar. Ekkert er hins vegar getið um sverð hans, enda er Auður kona hans þegar búin að svipta hann því með áverka á hægri hönd, þannig „að sú höndin varð honum hvergi betri til taks en áður“ (98). Þar með veldur hann ekki lengur sverði og hefur því Auður gelt hann á svipaðan hátt og Þuríður mann sinn áður. Báðir farast þeir sverðlausir í hafi.

VI

Í svona vatnamiklum texta er nauðsynlegt fyrir karla að kunna að synda. Og það kunna þeir Kjartan og Bolli, enda verða þeir ekki sjódaudir. Þeir „fóstbræður höfðu verið á sundi“ (91) í Laxá ásamt fleiri ungum mönnum í Laxárdal þegar Gest Oddleifsson ber þar að. „Þá hlupu þeir Kjartan og Bolli af sundi“ (92). Þeir setjast á árbakkann og þar spáir Gestur fyrir um örlög þeirra. Það gerir hann á sinn hátt með vatni, því að honum „hrynja tár“ (92). Í Niðarósi fer fram mannjöfnuður í sundi

¹⁴ Um seið sem kvenlegt athæfi og valdataeki, sjá rit Helgu Kress, *Máttugar meyar*, einkum bls. 34-60. Um þessa tilteknu frásögn, sjá bls. 45-46.

milli þeirra Kjartans og Ólafs konungs Tryggvasonar í ánni Nið. Með nafninu er áin kvenkennd og lögð áhersla á strauminn. Sagt er að menn hafi farið úr bænum „til sunds á ána Nið“ (117). Þeir Kjartan vilja gera eins og hinir og fara með. „Einn maður lék þar miklu best.“ (117) Þetta verður Kjartani svo mikil ögrun að hann vill ólmur færa þennan mann í kaf. Hann „fleygir sér nú út á ána og að þessum manni, er best er sundfær, og færir niður þegar og heldur niðri um hrið“ (117).¹⁵ Þeir velkjast um í vatninu og skiptast á að kaffæra hvor annan. Í þriðja sinn „eru þeir miklu lengst niðri“ og „þykist Kjartan nú eigi skilja, hversu sá leikur mun fara“ (117). Að lokum koma þeir upp og „leggjast til lands“ (117). Það er jafntefli, enda sigrar enginn konunginn. Sundið er manndómsvígsla Kjartans í Noregi. Í framhaldi af því segir hann til nafns. Konungur viðurkennir að hann sé „sundfær vel“ (117) og gefur honum skikkjuna af sjálfum sér.

Gróteska útfærslu slíks sunds má sjá í átökum þeirra Þormóðar og Falgeirs í *Fóstbræðra sögu*. Þormóður, sem er orðinn bæði vopnlaus og sár, heitir á Ólaf konung helga um liðveislu. Við það fellur öxi Falgeirs niður fyrir hamra ofan á sjó, og síðan þeir báðir, Þormóður og Falgeir. „Reyna þeir þá sundið með sér og færast niður ýmsir.“¹⁶ Konungur gerir það ekki endasleppt við Þormóð því að hann leysir brækurnar niður um Falgeir: „þá slitnaði bróklindi Falgeirs; rak Þormóður þá ofan um hann brækurnar“ (240). Falgeiri „daprast þá sundið“ (240), hann fer hvað eftir annað í kaf og „drekur nú ómælt; skýtur þá upp þjónum og herðunum.“ (240)¹⁷ Í þessari frásögn er ekki bara fall, heldur verða líka kollsteypur, og „við andlátíð skaut upp andlitinu; var þá opinn munnurinn og augun, og var þá því líkast að sjá í andlitið, sem þá er maður glottir að einhverju.“ (240) Þetta má kalla fullkomna aftignun hetjunnar

15 Mannjöfnuður í vatni kemur víða fyrir í Íslendingasögum, eins og Einar Ólafur Sveinsson bendir á neðanmáls við þessa frásögn: „Þegar sögurnar segja frá, að menn þreyttu sund, er það jafnan á þá leið, að annar sundmaðurinn tekur hinn og keyrir hann í kaf og heldur honum niðri.“ (117 nm) Nefnir hann um þetta nokkur dæmi, en fleirum mætti bæta við, t.a.m. því sem hér verður nefnt úr *Fóstbræðra sögu*.

16 *Fóstbræðra saga*. *Íslensk fornrit* VI, bls. 240.

17 Í vísu lýsir Þormóður atburðinum frá sínu sjónarhorni og segir þar um ástand Falgeirs að „hans rassaklof gandi“ (242).

í vatni. Þormóður skríður úr vatninu upp á sker og liggur þar eins og „selur eða rostungur“ (241) þar til honum er bjargað.

VII

Ekki er þess getið að Þorkell, fjórði og síðasti eiginmaður Guðrúnar, hafi kunnað að synda. Hann er ekki heldur bardagamaður, jafnvel þótt honum hafi áskotnast sverðið Sköfnungur sem er svo karlmannlegt að því má ekki bregða „svo að konur séu hjá“ (172). Sagan gefur reyndar hvað eftir annað í skyn að Þorkell sé huglaus. „Er þér eigi hent að eiga vesalmenni“ (204), segir hann samt kokhraustur við Guðrúnu og tekur til við að byggja upp karlmennsku sína með byggingum.

Karlmennska, sérstaklega þeirra sem eru ekki bardagamenn, felst mjög í því að byggja. T.a.m. þykir Höskuldi „það ávant um rausn sína, að honum þótti bær sinn húsaður verr en hann vildi“ (21). Hann fer til Noregs að sækja sér við en kaupir frillu fyrir allt féð svo að konungurinn verður að gefa honum húsaviðinn. Þannig fylgir oft eitthvað annað með í farangrinum. Ólafur þá lætur fyrst reisa bæ „af þeim viðum, er þar voru höggvir í skóginum, en sumt hafði hann af rekaströndum. Þessi bæ var risulegur.“ (67) Þetta finnst honum þó ekki nóg. Hann fer utan að afla sér húsaviðar og „kvaðst þykja mikið undir, að hann fengi gott viðaval“ (78). Með viðnum fylgir Geirmundur gnýr og sverðið Fótbitur sem á eftir að valda ógæfu ættarinnar. Þórður Ingunnarson „heljast á skála-smíð“ (97), nýfluttur til Guðrúnar að Laugum, þegar Auður ónýtir fyrir honum hægri höndina svo að hann getur hvorki barist né byggt.

Strax og Þorkell hefur kvænst Guðrúnu fer hann að rífa niður byggingar hennar til að byggja aðrar stærri. Hann lætur „taka ofan skála“ og gera upp og varð sá „mikill og risulegur“ (203). Síðan lætur hann gera „öll hús að Helgafelli stór og rammleg“ (204). Í framhaldi af því er sagt að hann hafi markað „grundvöll til kirkju“ (204), en hámark bygginga er kirkjubygging. „Konungur [...] lætur [...] kirkju gera og auka mjög kaupstaðinn“ (121), segir um Ólaf Tryggvason. Áður en Þorkell hefur byggingaframkvæmdir á Helgafelli hefur Guðrún reyndar látið gera þar kirkju, en af stærð hennar fer engum sögum. Þorkell „gerist höfðingi

mikill“ (204) og „ríkastur maður á Breiðafirði“ (204). Það eina sem hann vantar er stór kirkja. Hún verður þó ekki annað en grundvöllurinn einn. Áður en Þorkell fer utan að sækja kirkjuviðinn dreymir hann draum:

Það er sagt eitt sinn, að Þorkell sagði Guðrúnu draum sinn: „Það dreymdi mig,“ segir hann, „að eg þóttist eiga skegg svo mikið, að tæki um allan Breiðafjörð.“ Þorkell bað hana ráða drauminn. Guðrún spurði: „Hvað ætlar þú þennan draum þýða?“ „Auðsætt þykir mér það, að þar mun standa ríki mitt um allan Breiðafjörð.“ „Vera má, að svo sé,“ segir Guðrún, „en heldur myndi eg ætla, að þar myndir þú drepa skeggi í Breiðafjörð niður.“ (215)

Þetta gífurlega mikla skegg er einstaklega grótesk mynd ofvaxinna karlmenskudrauma. Sjálfur ræður Þorkell drauminn rangt, hann sér ekki ölduganginn og flæðið en tengir skeggið á sér umsvifalaust við landvinninga og völd. Í öllum draumum *Laxdælu* eru konur, nema í þessum eina. Þar kemur vatnið, hið kvenlega frumefni, í staðinn. Draumur Þorkels um eigin drukknun á sér fyrirboða í draumi Guðrúnar sem í honum steypir „ægishjálm“ (90) hans af höfði sér út á sjó. Guðrún sér flæðið í draumnum og ræður hann með háðslegum orðum og gróteskri mynd, þar sem upp verður niður, lóðrétt verður lárétt, vald verður vatn. Önnur mynd af drukknun Þorkels sem tengir saman grótesku og flæði (og landvinninga) kemur fram í háði Halldórs Ólafssonar sem spáir því fyrir Þorkeli að hann muni fyrr „spenna um þöngulshöfuð á Breiðafirði“ (221) en ná undan honum landi.

Þegar Þorkell kemur til Noregs fer hann strax til konungs sem nú er Ólafur helgi. Metur konungur hann svo mikils að hann gefur honum bæði stórfé og við, „var sá viður bæði mikill og góður“ (216). Eins og Ólafur konungur Tryggvason stendur Ólafur konungur helgi í kirkjubyggingum. Þennan vetur lætur hann gera „kirkju í bænum, af viði [...]; allmikið musteri og vandað allt til“ (216). Þorkell stenst þetta ekki og fer í mannjöfnuð. Snemma einn morgun þegar konungurinn kemur út langt á undan öðru fólki sér hann „mann uppi á kirkju þeirri, er í smíð var þar í bænum“ (216). Sjónarhorn frásagnarinnar fylgir konunginum

sem „undraðist þetta mjög“ (216), enda býst hann ekki við að smiðir séu komnir til vinnu svo snemma morguns. Með þessari aðferð er atburðurinn gerður undarlegur og maðurinn skítinn.¹⁸ Hann er viðundur. Konungur sér að þarna er kominn „Þorkell Eyjólfsson og lagði mál við öll hin stærstu tré, bæði bita og staflægjur og uppstöðutré“ og hann spyr agndofa: „Hvað er nú, Þorkell, ætlar þú hér eftir að semja kirkjuvið þann, er þú flytur til Íslands?“ (216) Eftirhermur eru hlægilegar og það er gert mikið grín að Þorkatli í þessari frásögn. Auk þess að herma eftir er hann að laumast og stelast. Til þess notar hann morgunskímuna áður en venjulegt fólk fer á fætur í von um að verða ekki séður. Konungurinn, sem ekkert fer fram hjá, stendur hann hins vegar að verki.

Um leið og Þorkell mælir „hin stærstu tré“ er hann að mæla vald sitt og karlmennsku. Honum líkar því ekki þegar konungur leggur til aflimun: „Högg þú af tvær álnir hverju stórtre, og mun sú kirkja þó gerð mest á Íslandi.“ (216) Þessu neitar Þorkell og konungurinn minnir hann á hver hann sé: „Bæði er, Þorkell, að þú ert mikils verður, enda gerist þú nú allstór, því að víst er það ofsi einum bóndasyni að keppast við oss.“ (217) Ofsa Þorkels mælir hann við kirkjuna sem hann segir að verði aldrei svo mikil að „of“ (217) hans komist þar fyrir og spáir að menn muni hafa „litla nytsemd viðar þessa“ og „því fari fyrr“ að Þorkell geti gert „neitt mannvirki úr viðnum“ (217). Þorkell hefur orð konungs að engu og siglir til Íslands með efni í heilt musteri sem verður honum þar ofviða.

Myndin af Þorkatli að þríla uppi á kirkjunni sýnir drauma hans um karlmennsku og völd, og þeir felast í sem hæstum og mestum byggingum. Hann er hátt uppi, og fall hans verður líka mikið.¹⁹ Hann á í miklum

18 Um þá aðferð listarinnar „að gera undarlegt“, sjá fræga grein eftir rússneska formalistann Viktor Shklovskj, „Listin sem tækni“.

19 Segja má að Þorkell Eyjólfsson sé „Bygmester Solness“ íslenskra fornþókmennta, sbr. samnefnt leikrit eftir Henrik Ibsen frá 1892. Byggingameistarin sá, sem er frægur fyrir stórar kirkjur og háa kirkjuturna, ræðst í að byggja himinháan turn á sitt eigið hús. Á vígsludeginum klífur hann turninn fyrir áeggjan konu og krýnir með kransi. Honum rétt tekst það áður en hann hrapar til jarðar undir glymjandi húrrahrópum áhorfenda. Er fallinu lýst frá sjónarhorni þeirra, og það er mikið, hrikalegt og gróteskt. Byggingameistarin er gerður að líkamanum einum sem fellur eins og hvert annað spýtnabrák úr þessari miklu byggingu: „Et menneskelegeme sammen med planker og træstumper skimtes utydeligt at styrte ned inde mellem træerne.“ Henrik Ibsen, *Samlede verker* V, bls. 229.

erfiðleikum með að flytja allan þennan kirkjuvið til Helgafells frá skipi í Hrutafirði. Eftir að hafa dregið viðinn á hestum til strandar kemur hann honum á „ferju mikla“ (218) sem hann ætlar að sigla yfir Breiðafjörð. Það er írónískt að hann leggur af stað með fullfermt skipið á skírdegi. Ferðinni er lýst nákvæmlega, og fylgjast menn með frá landi. Tekið er fram að sverðið Sköfnungur sé með í ferð, „festur við innviðuna í ferjunni“ (222). Veður tekur mjög að hvesa, „og gerði hinn mesta storm“ (222). „Þeir sóttu knálega ferðina, og voru þeir menn hinir röskustu,“ en þegar þeir eru komnir að Bjarnarey lýstur hviðu í seglið og skipinu hvolfir. „Þorkell drukknaði þar og allir þeir menn, er með honum voru.“ (222). Tíðindin spyrjast „þvottdaginn fyrir páska“ (223) og „þóttu mikil, því að Þorkell hafði verið mikill höfðingi“ (223).

Þorkell hefur kollsteypst af hinu stærsta musteri niður undir yfirborð sjávar. Sagan skilur við hann sem drjúpandi draug í hópi annarra karldrauga úti fyrir kirkju Guðrúnar og „sjór rann úr klæðum þeirra“ (223). Sköfnungur rekur að landi með viðum og hefur reynst deigt vopn í átökunum við flæðið. Kirkjubyggingin mikla er ekki bara hrún heldur dreifist hún út um allt. „Viðina rak víða um eyjar.“ (223) Þetta er afbygging í bókstaflegri merkingu, og hún er margendurtekin í textanum. Á föstudaginn langa sendir Guðrún menn „að forvitnast um ferðir þeirra Þorkels, suma inn á strönd, en suma um eyjar; var þá rekinn víða kominn um eyjarnar og svo til hvorrar tveggja strandar.“ (221) Rekinn dreifir sér eins og skeggið í draumnum. „Fátt eina náðist af kirkjuviðnum.“ (223) Hann hefur samlagast bylgjunum, er orðinn að flæði sem sigrar hið fasta efni og karllega vald.

Heimildir

- Bachelard, Gaston. *L'eau et les rêves: Essais sur l'imagination de la matière*. Paris: Nouvelle, 1942 og síðari útgáfur. [Á ensku: *Water and Dreams. An Essay on the Imagination of Matter*. Þýð. Edith R. Farrell. Dallas: The Pegasus Foundation, 1982].
- Bakhtin, Mikhail. *Rabelais and His World*. Þýð. Helene Iswolsky. Cambridge, MA: MIT Press, 1968. [Á frummálinu: *Twochestvo Fransua Rable* (1965)].

- Edda Snorra Sturlusonar*. Finnur Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1907.
- Egils saga Skallagrímssonar*. *Íslenzk fornrit* II. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1993.
- Fóstbræðra saga*. *Íslenzk fornrit* VI. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1943.
- Friðþjófs saga ins frækna*. *Fornaldar sögur Norðurlanda* III. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan 1954.
- Helga Kress. „Bróklindi Falgeirs. *Fóstbræðrasaga* og hláturmenning miðalda.“ *Fyrir dyrum föstru. Konur og kynferði í íslenskum fornþókmennntum*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1996. [Greinin birtist fyrst í *Skírni*, hausthefti 1987].
- Helga Kress. *Máttugar meyjar. Íslensk fornþókmennntasaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.
- Helga Kress. „Mjök mun þér samstaft þykkja. Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdælasögu.“ *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*. Ritsj. Guðrún Gísladóttir, Svanlaug Baldursdóttir og Valborg Bentsdóttir. Reykjavík: Sögufélag, 1980.
- Ibsen, Henrik. *Bygmester Solness*. Samlede verker V. Oslo: Gyldendal, 1941.
- Irigaray, Luce. *Amante marine de Friedrich Nietzsche*. Paris: Les Éditions de Minuit, 1980. [Á ensku: *Marine Lover of Friedrich Nietzsche*. Þýð. Gillian C. Gill. New York: Columbia University Press, 1991].
- Landnámabók*. *Fyrri hluti*. *Íslenzk fornrit* I. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.
- Laxdæla saga*. *Íslenzk fornrit* V. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík 1934.
- Saga Ólafs konungs Haraldssonar*. *Flateyjarbók* II. [Reykjavík]: Flateyjarútgáfan, 1945.
- Shklovskij, Viktor. „Listin sem tækni.“ Árni Bergmann þýddi. *Spor í þókmennntafræði 20. aldar*. Ritsj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Reykjavík: Þókmennntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991.
- Theweleit, Klaus. *Männerphantasien*. Frankfurt am Main: Roter Stern, 1977-1978. [Á ensku: *Male Fantasies* I-II. Þýð. Stephen Conway. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1987-1989].
- „Þorsteins þáttur skelks.“ *Íslendinga sögur og þættir* III. Ritsj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1987.

Milli himins og jarðar, 1997

Summary

Ocean and Beard

Fluidity in Laxdæla Saga

Conflict in *Laxdæla saga* can be seen as a power struggle between the masculine and the feminine. The masculine world – with its rigid laws and codes of conduct, its glorification of rugged manhood, bold exploits, and a relentless drive to exercise control and authority – is ultimately deconstructed in the saga through forces symbolized by the feminine element water. Water imagery, which is associated with female characters or the female body, often in the grotesque tradition, represents the natural and supernatural forces that undercut or destroy male power. Water flows through the text of the saga from beginning to end and relates to other feminine characteristics of the saga. It is closely associated with the saga's main character, Guðrún Ósvífrsdóttir, who lives at the farm Laugar (meaning “hot springs”). In near proximity to the farm is Sælingsdalslaug, where Guðrún makes her first appearance in the saga. Water is a motif in all her four dreams she tells to Gestur Oddleifsson. The fateful doom of each husband is foretold in the dreams, their fates controlled by woman in conjunction with fluidity.

Much of *Laxdæla saga* concerns sea voyages and landings as well as detailed descriptions of sailing routes, often accompanied by gale winds and bad weather. Usually the fluidity of the sea is linked in one way or another to the male hero's death. Thus, Þorkell, the fourth of Guðrún's husbands, perishes on the way home from Norway with a heavy load of timber, the huge beard in his dream symbolically assimilated by the waves and converted to the flow that vanquishes solid matter and masculine power.